

## AUGLÝSING

23

20. marz

### um útflutning og sölu á léttverkaðri saltsíld.

Þar sem horfur mega teljast á því, að betur notist útflutningsmöguleikar með því að hafa samsölu á allri léttverkaðri saltsíld (Matjessíld) til útflutnings, en tilraunir til að mynda allsherjarfélagsskap síldarframleiðenda um slíka samsölu hafa reynzt árangurslausar, hefir ráðuneytið samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 74 29. desember 1934 um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl. falið síldarútvegsnefndinni að fara með einkasölu á allri léttverkaðri saltsíld (Matjessíld) af framleiðslu ársins 1935, sem seld verður til útlanda. Má því enginn annar en síldarútvegsnefnd selja eða flytja slíka síld til útlanda að viðlögðum sektum samkvæmt tédum lögum og ber framleiðendum léttverkaðrar saltsíldar að snúa sér til nefndarinnar um allt, sem að útflutningi og sölu þessarar vöru lýtur. Ef það síðar kynni að álitast ráðlegt, að síldarútvegsnefndin færi með einkasölu annara tegunda af sérverkaðri saltsíld, vegna skaðlegrar samkeppni af henni á Matjessíldarmarkaðnum, mun nefndinni verða heimilt að taka slíka síld undir söluumráð samsöluunar.

Reglugerð um samsöluna mun verða birt í Lögbirtingablaðinu eða Stjórnartíðindunum innan skamms.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. marz 1935.*

**Haraldur Guðmundsson.**

*Vígfús Einarsson.*

## REGLUGERÐ

24

25. marz

### um meðferð og notkun raforku í Borgarnesi.

#### 1. gr.

Rafveitan er eign Borgarneshrepps og hefir hreppsnefndin yfirstjórn hennar. Hreppsnefndin kys tvo menn í rafveitunefnd til þriggja ára í senn, en hreppsnefndaroddviti (þriðji maður) er sjálfkjörinn formaður hennar, nema hreppsnefndin feli það sérstaklega öðrum manni.

#### 2. gr.

Rafveitunefnd hefir á hendi alla umsjón með eignum og rekstri rafveitunnar, gætir þess að rafveitustjóri ræki störf sín, sem hreppsnefnd felur honum í skipunarbréfi, heldur fundi svo oft sem þurfa þykir að ræða mál, er rafveituna varða, og ritar í fundargerðabók ályktanir sínar um þau, annast innheimtu á

24 tekjum rafveitunnar að svo miklu leyti, sem hreppsnefnd kann að ákveða í skipunarbrefi, sem hún afhendir hverri nýkjörinni rafveitunefnd, og skal þar nánar kveðið á um störf og skyldur rafveitunefndar.

25. marz

Formaður rafveitunefndar hefir á hendi allt reikningshald rafveitunnar. Hann skal halda sjóðbók yfir tekjur hennar og gjöld og semja um hver áramót ýtarlegt reikningsyfirlit, í tveimur samritum, yfir afkomu ársins, og afhenda annað til hreppsnefndar en hitt til endurskoðenda, sem hreppsnefndin skipar fyrir lok janúarmánaðar á hvert.

### 3. gr.

Rafveitan selur öllum rafmagn innan þess svæðis, sem taugar rafveitunnar ná yfir, að svo miklu leyti sem afl hennar nægir, samkvæmt reglugerð þessari.

### 4. gr.

Rafmagnið er fyrst og fremst ætlað til ljósa. Þó getur hreppsnefnd selt til annara afnota afl það, sem rafveitan getur framleitt umfram það, sem nauðsynlega þarf til ljósa, ef það truflar ekki rekstur rafveitunnar.

### 5. gr.

Starfrækja skal rafveituna allan sólarhringinn allt árið um kring. Aflvélar rafstöðvarinnar má aðeins stöðva þann tíma, er raforkunotkun er svo lítil, að rafgeymar stöðvarinnar geta fullnægt henni.

### 6. gr.

Heimtaugar leggur rafveitan á sinn kostnað frá aðalveitutaugum að húsinu, allt að 30 metra. Standi hús lengra en 30 metra frá aðalveitutaugum, kostar hús-eigandi það sem fram yfir er, en rafveitan lætur vinna verkið og kostar sjálf uppsetningu á vörum og mælum, sem hún leggur sjálf til, en húseigandi skal að verkinu loknu greiða tengigjald samkvæmt gjaldskrá.

Heimtaugar teljast til raftaugakerfis rafveitunnar og eru eign hennar.

### 7. gr.

Hver sem óskar að fá raflögn í hús sitt eða breytt eða aukið við eldri lögn, skal senda rafveitunefnd skriflega beiðni um það með upplýsingum um, hve mikið afl þarf, ásamt öðrum nauðsynlegum upplýsingum. Rafveitunefnd ákveður því næst hvort raflögnin eða breytingin skuli leyfð, og skal hún hafa tekið ákvörðun um það og tilkynnt umsækjanda, innan þriggja vikna frá því að hún fékk umsóknina.

### 8. gr.

Nú hefir hús verið raflagt, breytt eða aukið við eldri lögn, og má þá ekki taka húsveituna til afnota fyr en sá, er gætir rafveitunnar (rafveitustjóri) hefir skoðað og reynt hana og vottað, að hún sé fullnægjandi. Ef raflagningin reynist ófullnægjandi skal ekki setja rafstraum á hana fyr en úr er bætt svo viðunandi sé.

## 9. gr.

Allir rafmagnsnotendur skulu hafa straummæla, er rafveitan leggur til. Mælarnir eru eign rafveitunnar og leigir hún þá fyrir ákveðið gjald.

24

25. marz

## 10. gr.

Enginn má án leyfis rafveitunefndar taka rafmagn úr raftaugakerfi rafveitunnar né aðhafast neitt það, er valdið geti skammdum á raftaugum eða öðrum raftækjum, sem notuð eru í sambandi við þær, hvort heldur er í húsi hans eða utan þess. Brjóti nokkur gegn ákvæði þessu, skal hann greiða fullar skaðabætur og sæta sektum, sé verkið ekki þannig vaxið, að þyngri refsing liggji við samkvæmt hegningarlögum.

## 11. gr.

Notendur skulu sjá um að raftæki þeirra og lagnir séu ætíð í góðu lagi og skýra rafsóðvarstjóra frá sérhverri bilun, sem þeir verða varir við. Notendur skulu varast að taka í sundur lampa, rofa, tengla eða önnur tæki og búnað.

## 12. gr.

Rafveitunefnd er heimilt að banna að nota gamla lampa eða önnur raftæki, er að hennar áliti eru ótrygg eða til tálmunar góðum rekstri.

## 13. gr.

Starfsmenn rafveitunnar og meðlimir rafveitunefndar skulu ætíð hafa frjálstan aðgang til þess að skoða raflagnir og tæki þau, sem notuð eru, til þess að ganga úr skugga um að allt sé í góðu lagi. Ef gallar reynast á, en þeir eru ekki bættir, getur rafveitustjóri rofið samband við húsið þar til aðgerð hefir farið fram.

## 14. gr.

Vanræki rafmagnsnotandi skyldur þær, er hann hefir samkvæmt reglugerð þessari eða virði að vettugi fyrirskipanir rafveitustjóra, er rafveitustjóra heimilt að rjúfa samband við veituna til bráðabirgða og að fullu með samþykki rafveitunefndar. Notandi ber fulla ábyrgð á öllum afleiðingum, sem af vanrækslunni kunna að stafa.

## 15. gr.

Enginn má taka að sér að leggja raflagnir, utan húss eða innan, eða breyta eldri raflögnum eða framkvæma á sína ábyrgð nokkurt það verk, er snertir raftaugakerfi rafveitunnar, nema hann sé til þess ráðinn eða samþykktur af hreppsnefnd Borgarneshrepps og löggiltur af rafmagnseftirliti ríkisins til þess að framkvæma slík störf.

## 16. gr.

Hreppsnefndin áskilur sér rétt til einkasölu á efni til raflagna og lömpum og öðrum rafmagnstækjum, sem setja á í samband við rafveitu hreppsins.

- 24** Ef hreppsnefndin lætur rafveituna taka í sínar hendur raflagningar innan-  
25. marz húss, skal hreppsnefndin í byrjun hvers árs semja gjaldskrá, sem gildir fyrir vinnu við raflagnir í hreppnum, sem framkvæmd er á vegum rafveitunnar.

## 17. gr.

Hreppsnefndin ræður, að fengnum tillögum rafveitunefndar, rafstöðvarstjórnann og aðra starfsmenn rafveitunnar og gefur þeim skipunarbréf, þar sem störf þeirra og laun eru ákveðin.

Rafveitustjóranum ber að hlýða fyrirskipunum rafveitunefndar. Hann hefir rétt á að sitja fundi rafveitunefndar og taka þátt í umræðum, en hefir ekki atkvæðisrétt, nema hann sé í nefndinni.

## 18. gr.

Þegar sérstaklega stendur á og hreppsnefnd telur nauðsyn bera til, er henni heimilt að veita undanþágu frá reglugerð þessari eða einstökum ákvæðum hennar, enda samþykki rafveitunefnd undanþáguna. Rísi ágreiningur út af einstökum ákvæðum í reglugerð þessari sker hreppsnefndin úr og má áfrýja þeim úrskurði til lögreglustjóra.

## 19. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 200 krónum, nema þyngri refsing liggja við að lögum.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

## 20. gr.

Með reglugerð þessari er numin úr gildi reglugerð nr. 61 23. júní 1920, um meðferð og notkun rafmagns í Borgarneshreppi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi 1. apríl þ. á., og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. marz 1935.*

**Haraldur Guðmundsson.**

*Vigfús Einarsson.*